

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.
Friðjón Þórðarson settur bæjarfógeti kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð :

Stefnda, stjórn Kaupfélags Siglfirðinga, Siglufirði, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Útibús Útvegsbanka Íslands h/f, Siglufirði, í máli þessu. Málskostnaður falli niður.

Miðvikudaginn 18. janúar 1956.

Nr. 71/1955. Ákærvaldið (Vilhjálmur Jónsson)

gegn

Erlingi Guðmundssyni (Sveinbjörn Jónsson).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Manndráp af gáleysi. Líkamsáverkar. Brot gegn umferðarlögum, bifreiðalögum og lögreglusamþykkt.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir að dómur gekk í héraði í máli þessu, hafa framhalds-próf verið háð og vitni eiðfest.

Um meiðsli drengsins Ragnars Hafliðasonar segir svo í skýrslu Bjarna Guðmundssonar héraðslæknis, dags. 20. nóvember 1954:

„Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, var lítið meiddur. Hann var með lítið sár á enni, tognun á hægri handlegg og smámar á baki. Fór heim samdægurs“.

Samkvæmt þessari skýrslu héraðslæknisins hafa meiðsli Ragnars ekki verið svo mikil sem lýst er í 218. gr. laga nr. 19/1940. Ber því að sýkna ákærða af ákæru um brot á ákvæðum 219. gr. sömu laga. Að öðru leyti er brotum ákærða rétt lýst og þau rétt færð til refsíákvæða í hinum áfrýjaða dómi.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin varðhald 4 mánuði. Svo ber og samkvæmt 39. gr. laga nr. 23/1941 að svipta hann ökuleyfi ævilangt.

Ákvæði héraðsdóms um sakarkostnað í héraði á að vera óraskað. Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun sækjanda og verjanda fyrir Hæstarétti, kr. 1500.00 til hvors.

Dómsorð:

Ákærði, Erlingur Guðmundsson, sæti varðhaldi 4 mánuði.

Hann skal ævilangt sviptur leyfi til að aka bifreið.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í Hæstarétti, hæstaréttarlögmannanna Vilhjálms Jónssonar og Sveinbjörns Jónssonar, kr. 1500.00 til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Barðastrandarsýslu 16. marz 1955.

Ár 1955, miðvikudaginn 16. marz, klukkan 14.30, var í saka-dómi Barðastrandarsýslu, sem haldinn var í sýsluskrifstofunni á Patreksfirði af hinum reglulega dómara, Jóhanni Skaptasyni sýslumanni, kveðinn upp dómur í málinu nr. 7/1954: Ákærvaldið gegn Erlingi Guðmundssyni, sem dómtekið var 2. s. m.

Málið er höfðað samkvæmt ákæruskjali dómsmálaráðherrans gegn Erlingi Guðmundssyni smíði, til heimilis að Aðalstræti 41, Patreksfirði, fyrir:

1. Brot á 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og 21. gr. sbr. 1. mgr. 93. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 180/1941.

Þykir ákærði hafa brotið nefnd lagaákvæði með því að hafa laugardaginn 21. nóvember 1953, um klukkan 14.40, ekið bifreiðinni B 115 niður (suður) Urðargötu á Patreksfirði án þess að sýna næga aðgæzlu við mót Aðalstrætis og stanza nægilega tím-anlega fyrir umferð, er kom honum á vinstri hönd, bifreiðinni B 65, með þeim afleiðingum, að bifreiðar þessar rákust saman.

2. Brot á 215. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940,

1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Þykir ákærði hafa brotið greind lagaákvæði með því að hafa föstudaginn 2. júlí 1954, um klukkan 11 árdegis, ekið bifreiðinni B 115 ógætilega og eftir atvikum of hratt austur (upp) Aðalstræti á Patreksfirði, þar sem hann missti stjórn á bifreiðinni við mót Urðargötu og þrír drengir urðu fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að tveir þeirra, Gunnsteinn R. Friðgeirsson, fæddur 13. maí 1948, og Guðjón Magnússon, fæddur 17. ágúst 1945, báðir til heimilis á Patreksfirði, létust af völdum slyss þessa, en sá þriðji, Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, einnig til heimilis á Patreksfirði, slasaðist talsvert.

Þá er málið og höfðað gegn ákærða fyrir brot á 1. og 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr. og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga svo og 2. og 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9 gr. reglugerðar nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða. En þessi lagaákvæði þykir ákærði hafa brotið með því að hafa í síðar greindu tilviki hér að framan ekið bifreiðinni B 115 með vota hemla, bilaðan handhemil, slitin og því ekki nægilega traust og örugg stjórnartæki.

Ákærði er sóttur til refsingar samkvæmt framangreindum refsíákvæðum og til sviptingar bifreiðarstjóraréttinda samkvæmt 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga svo og til greiðslu alls málskostnaðar.

Ákærði er fæddur á Patreksfirði 11. maí 1931.

Hann hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1946 15/8 Barðastrandarsýsla. Áminning fyrir brot á hegningarlögum og bifreiðalögum.

1947 15/6 Barðastrandarsýsla. Áminning fyrir brot á lögreglusamþykkt Vestur-Barðastrandarsýslu.

Málavextir eru þessir:

Í fyrsta lagi:

Laugardaginn 21. nóvember 1953, um klukkan 14.40, ók ákærði bifreiðinni B 115 niður (suður) Urðargötu í átt að vegamótum hennar við Aðalstræti og Bjarkagötu. Ætlaði hann að beygja til hægri inn á Aðalstræti, en í því kemur bifreiðin B 65 ákærða á vinstri hönd úr Aðalstræti og beygir til hægri í stefnu inn í Bjarkagötu. Rákust bifreiðarnar saman og skemmdust nokkuð. Augljóst var, að ákærði hafði hemlað bifreið sína rétt fyrir áreksturinn, en samt færðist bifreiðin B 65 ca 20 cm út á hlið til vinstri við áreksturinn, en eftir hann voru bifreiðarnar saman kræktar. Virðist augljóst, að B 115 hefur ekki verið stönuð, er áreksturinn

varð. Bjart var af degi, skyggni gott, bifreiðarstjórnir gátu séð hvor til annars ferða í tæka tíð. Vegurinn var blautur ófrosinn malarvegur og ekki sleipur. Ákærði átti að hafa vakandi auga á umferð frá vinstri úr Aðalstræti og vera reiðubúinn til að stöðva bifreið sína í tæka tíð í tilhliðrunarskyni við hana. Það var hann ekki, og verður því að telja, að hann eigi að því leyti sök á árekstrinum og hafi gerzt brotlegur við 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941 og 2. gr. og 1. mgr. 7. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941 svo og 21. gr. sbr. 1. mgr. 93. gr. lögreglusamþykktar fyrir Vestur-Barðastrandarsýslu nr. 180/1941.

Í öðru lagi:

Um klukkum 10 að morgni föstudaginn 2. júlí 1954 hóf ákærði akstur á bifreið sinni B 115 við húsið nr. 15 við Aðalstræti á Patreksfirði og ætlaði inn á Geirseeyri. Bifreiðin er 6 manna Pontiac fólkubifreið. Einn maður var með honum í bifreiðinni. Þegar hann kom upp á gatnamótin á Aðalstræti og Urðargötu, hlupu þrjú börn fram á veginn, rétt ofan við gatnamótin, og voru þau að elta hund. Segir ákærði, að eitt barnið hafi komið frá vinstri, en tvö frá hægri. Hann kveðst þá hafa gefið hljóðmerki. Börnin hafi þá fyrst ætlað að hlaupa útaf veginum til vinstri, svo hann hafi sveigt aðeins til hægri, en rétt í því hafi þau öll snúið við og hlaupið til hægri, og telur hann, að þau hafi öll orðið fyrir bílnum á hægri kanti vegarins, rétt áður en framendi bílsins fór út af veginum, og hafi þau ýtt á undan bílnum niður í grófina milli vegarins og hússins nr. 10 við Aðalstræti og upp að steinstéttinni, sem liggur frá efri enda hússins yfir á götuna.

Það voru þrír drengir, sem fyrir bifreiðinni urðu, tveir þeirra biðu bana, en einn slapp með minni háttar meiðsli.

Gunnsteinn R. Friðgeirsson, fæddur 13. maí 1948, beið bana á slyssaðnum. Guðjón Magnússon, fæddur 17. ágúst 1945, andaðist af meiðslum eftir fáar klukkustundir. Ragnar Hafliðason, fæddur 1. ágúst 1949, var lítið meiddur og var sendur heim af sjúkrahúsi samdægurs.

Ákærði sótti strax eftir slysið sjálfur lækni, sem kom tafarlaust á slyssaðinn.

Ákærði telur sig hafa ekið bifreiðinni í 3. ganghraðastigi, er hann kom að gatnamótum Aðalstrætis og Urðargötu, en þar hafi hann skipt niður í 2. ganghraðastig, þar hefst brekka framundan. Hraðamælir bifreiðarinnar var óvirkur. Ákærði kveðst ekki hafa ekið hart, en telur, að hann hafi ekki hemlað bifreiðina, fyrr en um það bil er hann sveigði til hægri, en rétt í því sneru börnin

við, og þá sá hann, að þau mundu verða fyrir bifreiðinni. Hann segir, að bifreiðin hafi runnið hægt út af veginum.

Ákærði kveðst hafa verið vel fyrir kallaður, er hann hóf aksturinn, óþreyttur, vel sofinn og ekki undir áhrifum áfengis.

Himininn var skýjaður og sólskinslaust og skyggni gott, er slysið varð. Vegurinn var þurr malarvegur og brekka framundan.

Björn Guðmundsson smiður, sem var með ákærða í bifreiðinni, er slysið varð, hefur sem vitni borið það, að bifreiðin hafi ekki verið á mikilli ferð, er slysið vildi til, ekki mikið yfir 15 km, miðað við klukkustund, en hann kveðst þá hafa verið að skrúfa niður rúðu, og því séu sér atvik ekki svo ljós sem gera hefði mátt ráð fyrir. Hann kveðst hafa heyrt hljóðmerki bifreiðarinnar, þegar hún var rétt um gatnamótin. Leit hann þá upp og sá hund og krakka framundan. Hann kveðst hafa orðið þess var, að ákærði hemlaði, og ekki varð hann þess var, að honum fataðist í sambandi við meðferð á stjórnþækjum bifreiðarinnar, en ekki geti hann gert sér frekari grein fyrir atvikum, og kveðst hann hafa farið í eins konar leiðslu út úr bílnum og telur það stafa af því, að honum hafi brugðið mjög við atvikin. Hann varð ekki fyrir neinum áverka.

Vitnið Helga Hólm Helgadóttir var stödd á Aðalstræti um það bil 15—20 metra frá bifreiðinni og gekk á móti henni, er slysið varð. Hún heyrði hljóðmerki frá bifreiðinni. Leit hún þá upp, sá bifreiðina og drengi á hlaupum rétt framan við hana, og virtist henni, að þeir væru að reyna að forða sér út af götunni, en bifreiðin kastaðist til í sömu átt sem drengirnir hlupu í og rann upp að húsinu. Hún telur sig ekki hafa skynjað ákeyrsluna, en kveðst á eftir hafa séð einn dreng liggja í grasinu og annan hálfan útundan bifreiðinni að framan. Hún gat ekkert upplýst um hraða bifreiðarinnar, en telur, að hljóðmerkið hafi verið gefið, um leið og slysið var að ske, því hún leit strax upp, er hún heyrði merkið, sá þá drengina á hlaupum og bifreiðina kastast til og renna upp að húsinu.

Vitnið Grétar Páll Guðfinnsson smiður, var að vinna að viðbyggingu hússins Aðalstræti 8, er hann heyrði hljóðmerki bifreiðarinnar B 115, sem fór upp Aðalstræti, að því er honum virtist í hraðara lagi. Hann sá eitt barn á götunni framundan bifreiðinni, og virtist honum það verða fyrir henni. Hljóp hann strax á slysstaðinn ásamt Ólafi D. Hansen smiði, sem var að vinna með honum. Er þangað kom, voru ákærði og Björn Guðmundsson komnir út úr bifreiðinni, og voru þeir að reyna að ýta henni til baka. Telur hann, að drengirnir Ragnar og Guðjón hafi þá legið

á steinstéttinni við Aðalstræti 10, rétt framan við bifreiðina, en Gunnsteinn var klemmdur í horninu milli steinstéttarinnar, hússins og bifreiðarinnar. Telur vitnið, að drengurinn hafi þá verið andaður.

Vitnið hjálpaði til við að ýta bifreiðinni til baka og losa drenginn.

Vitnið Ólafur D. Hansen, sem var að vinnu með vitninu Grétari Páli, heyrði hljóðmerkið, sá bifreiðina og einn drenginn hlaupa yfir götuna, en rétt í því hvarf bifreiðin bak við húsið Aðalstræti 10. Vitnið kveðst ímynda sér, að bifreiðin hafi alltaf verið á 20 km hraða, miðað við klukkustund. Því virtist Gunnsteinn vera andaður, er það kom á slysstaðinn.

Vitnið Kjartan Ingimundarson var að vinna í ca 100 metra fjarlægð frá slysstaðnum. Hann heyrði smellinn af því, að bifreiðin B 115 skall í húsið nr. 10 við Aðalstræti, og hljóp hann á slysstaðinn ásamt vitninu Reyni Sigurbórssyni. Þeir aðstoðuðu við að ýta bílnum til baka og flytja drengina á sjúkrahús.

Vitnið Reynir telur, að Gunnsteinn hafi andazt, rétt eftir að hann losnaði úr klemmuni.

Héraðslæknirinn gerði dómáranum aðvart um slysið, strax eftir að drengirnir höfðu verið fluttir í sjúkrahúsið. Þá var klukkan 11.10 árdegis. Dómarinn fór strax á slysstaðinn og gerði afstöðumælingar. Bifreiðinni hafði verið ýtt upp á götuna, en glögg mátti sjá af hjólförum og beyglum á bærublikki á húsinu nr. 10 við Aðalstræti, hvar bifreiðin hafði stöðvað. Hemlaáhrifa virtist gæta á hjólförum bifreiðarinnar 2.5—3 metra aftur frá þeim stað, sem bifreiðin stöðvaðist á, eða um það bil frá því sem förin beygðu til hægri. Vegurinn var þurr malarvegur, skyggni gott og sólskinslaust.

Dómarinn fól bifreiðaeftirlitsmanninum Árna Bæringssyni að athuga bifreiðina B 115. Gaf hann fyrir dómi skýrslu um ástand bifreiðarinnar á þessa leið:

„Segir hann, að er hann reyndi fóthemla bifreiðarinnar fyrst eftir slysið, hafi sér ekki virzt þeir verka alveg fullkomlega strax. En er hann reyndi þá aftur klukkan 17 sama dag, virtist honum þeir verka í bezta lagi. Bendir hann á, að þetta geti stafað af því, að hemlarnir hafi verið eitthvað blautir um miðjan daginn eftir fyrri notkun. Hann kveðst hafa athugað förin aftan við bifreiðina, áður en hún var tekin af slysstaðnum, og virtist honum þau gefa til kynna, að hemlum hafi verið beitt á ca 3 metra hjólförum, áður en bifreiðin stöðvaðist, svo fremi förin hafi verið eftir afturhjólin. Hann telur, að handhemill hafi verið óvirkur.

Varðandi stýrið tekur mættur fram, að ætla mætti, að bifreiðin væri hvikul á miklum ökuhraða. Byggir hann þetta álit á því, að hann varð var við slit í armi í sambandi við stýrisstangir svo og í spindilboltanum. Annað telur hann ekki athugasvert við bifreiðina í sambandi við þetta mál.“

Ákærði hefur bent á það, að hann teldi líklegt, að hemlar bifreiðarinnar B 115 hafi verið blautir, er slysið varð, eftir akstur á blautum vegi nóttina áður.

Umsögn bifreiðaeftirlitsmannsins Árna Bæringssonar styður þessa tilgátu.

Meðeigandi bifreiðarinnar, vitnið Richard Kristjánsson, hefur skýrt frá því, að hann hafi komið á bifreiðinni frá Bildudal um klukkan 5 að morgni 2. júlí og hafi leiðin öll verið blaut og hann hafi ekið yfir Hólsána í Bildudal, en vegurinn liggur tvisvar yfir ána.

Samkvæmt framanskráðu virðast atvik og aðstæður að slysinu hafa verið á þessa lund:

Ákærði er óþreyttur, vel sofinn og ekki undir áhrifum áfengis. Hann er meðeigandi að bifreiðinni B 115. Hann tekur hana heima hjá hinum eigandanum, Richard Kristjánssyni, sem hafði komið á henni yfir ár og eftir blautum vegi frá Bildudal og skilið hana eftir heima hjá sér um klukkan 5 um morguninn. Hemlar bifreiðarinnar voru ekki orðnir fullþurrir, þegar ákærði ekur af stað, auk þess er handhemill óvirkur og nokkurt slit er í stýrisútbúnaði, sem getur valdið því, að bifreiðin verði hvikul á miklum ökuhraða. Ákærði ekur upp Aðalstræti á hraða, sem hann telur ekki mikinn og sem vitnið Björn Guðmundsson, sem var í bifreiðinni, telur, að hafi aldrei verið mikið yfir 15 km á klukkustund, en sem áhorfendur telja „í hraðara lagi“ og „alltaf 20 km hraða“.

Er ákærði kemur að gatnamótum Aðalstrætis og Urðargötu, sér hann 3 börn hlaupa út á veginn, eitt frá vinstri og tvö frá hægri. Gaf hann þá hljóðmerki, sveigði lítið eitt til hægri, að því er hann segir, gerandi ráð fyrir, að börnin hlaupi út af veginum til vinstri, en í því hlaupa þau til hægri. Ákærði hemlar bifreiðina, en getur ekki stöðvað hana, börnin verða fyrir henni og ýtast á undan henni, unz hún stöðvast, er hægra framhorn hennar rekest á húsið nr. 10 við Aðalstræti. Börnin slasast, svo sem að framan er lýst.

Svo virðist sem hljóðmerkið hafi verið gefið, rétt í því er slysið er að verða, og að börnin hafi ekkert svigrúm haft til að forða sér. Virðist mega draga þessa ályktun af framburðum sjónarvotta, sem allir líta upp við hljóðmerkið, en rétt í því virðast börnin verða fyrir bifreiðinni.

Dómarinn lítur svo á, að slysi þetta hafi orsakast af of hröðum akstri ákærða, eftir aðstæðum. Telja verður, að á þeim stað, sem slysið varð á, sem er mjög fjölfarinn, megi ekki aka hraðar en svo, að hægt sé að stöðva ökutækið þegar í stað. Jafnframt verður að telja, að ákærði hefði átt að draga úr ökuhraða bifreiðarinnar eftir föngum, strax er hann varð var barnanna á veginum, ekki sízt, þar sem augljóst mátti telja, að hugur barnanna væri upptekinn af eltingaleiknum við hundinn. Í þess stað gefur ákærði hljóðmerki rétt hjá börnunum, að því er virðist um leið og hann ætlar að aka fram hjá þeim. Framendi bifreiðarinnar, hægra hjól, virðist hafa verið að renna út af veginum hægra megin, þegar hemlum er beitt, bifreiðin rennur áfram ca 3 metra eftir það og skellur með allþungu höggi í húsvegginn. Við áreksturinn beygladist búblikkið á húsinu mikið, og skellurinn heyrðist í 100 metra fjarlægð og vakti athygli manna, sem þar voru að vinna.

Þessi brot ákærða varða að áliti dómarsins við 215. gr. og 219. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, 1., 4. og 5. mgr. 26. gr. og 1. mgr. 27. gr. sbr. 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga nr. 23/1941, 2. gr. og 3. mgr. 4. gr. sbr. 1. mgr. 14. gr. umferðarlaga nr. 24/1941.

Það athæfi ákærða að aka bifreiðinni B 115 með vota hemla, bilaðan handhemil, slitin og því ekki nægilega traust og örugg stjórnþæki þykir varða við 1. og 2. mgr. 5. gr. sbr. 18. gr. og 1. mgr. 38. gr. bifreiðalaga svo og við 2. og 3. tl. 2. gr. sbr. 1. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 72/1937 um gerð og notkun bifreiða.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3 mánaða varðhald.

Þá þykir og rétt með hliðsjón af 1. mgr. 68. gr. almennra hegningarlaga og 1. mgr. 39. gr. bifreiðalaga að svipta ákærða bifreiðarstjóraréttindum í 3 ár frá 2. júlí 1954 að telja.

Eftir þessum úrslitum ber ákærða að greiða allan kostnað sakarinnar, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl., kr. 600.00.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Erlingur Guðmundsson, sæti 3 mánaða varðhaldi. Hann er sviptur ökuréttindum í 3 ár frá 2. júlí 1954 að telja. Hann greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal kr. 600.00 í málsvarnarlaun til skipaðs verjanda síns, Sveinbjörns Jónssonar hrl.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.